

Aðalfundur Félags lóðarhafa að Kiðjabergi var haldinn föstudaginn
4. júní 2021 kl. 20:00 í golfskálanum í Kiðjabergi.

Dagskrá fundarins

Formaður félagsins, Snjólfur Ólafsson, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara. Samþykkt samhljóða að Gunnar Dagbjartsson myndi stýra fundinum og Ólafur Arinbjörn Sigurðsson rita fundargerð. Fram kom að til fundarins væri löglega boðað og að mætt væri fyrir tilskilinn fjöldi félagsmanna.
2. Lesin upp fundargerð aðalfundar 2020. Snjólfur vísaði til þess að fundargerð síðasta aðalfundar væri aðgengileg á heimasíðu félagsins og greindi frá helstu atriðum hennar.
3. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins. Snjólfur fylgdi úr hlaði skýrslu stjórnar. Fram kom að Góugleði síðasta árs hafi verið aflýst vegna samkomutakmarkana. Gat Snjólfur þess að á næstu dögum yrði gengið frá árskýrslu sem gerð yrði aðgengileg á heimasíðu félagsins. Gat Snjólfur þess að á starfsárinu var bæði unnið að reglubundnum verkefnum og sérstöku. Regluleg verkefni eru innheimta félagsgjalda og uppfærsla félagaskrár. Gat hann þess að þetta væri töluvert utanumhald.

Á aðalfundi 2019 var samþykkt að endurnýja slitlög á vegum á svæðinu á næstu fjórum árum. Unnið var að þessu verki á síðasta ári. Vísað var sérstaklega til þess að nauðsynlegt væri að laga göngu- og golfbílástíga, sérstaklega frá golfskála yfir á Kambasvæðið.

Heimasíða félagsins www.kberg.is var opnuð á 9. september 2020. Markmiðið er að hafa þar tiltækar helstu upplýsingar sem lóðahafar kunna að hafa áhuga á að nálgast. Á næstu vikum verður unnið að tilteknum uppfærslum á heimasíðunni. Vísað var til þess að lengi hefði staðið til að koma upp korti af svæðinu við gámasvæðið, þróunin hefur hins vegar orðið sú að dregið hefur úr þörfinni á slíku skilti, m.a. vegna tækniþróunnar og hins vegar vegna breytinga á gámasvæðinu.

Farið var yfir breytingar á fyrirkomulagi snjómoksturs, og þess getið að einungis þurfti að moka einu sinni á síðasta ári. Farið var yfir málefni hitaveitu, sem hins vegar eru alfarið á ábyrgð sveitarfélagsins. Málefni hitaveitu voru rædd, m.a. kom fram að ekki lægu fyrir upplýsingar um lagfæringar, nýjar borholur og þess háttar. Formaður greindi frá því að stjórn myndi halda sveitarfélaginu við efnið en ljóst væri að vilji væri til þess hjá sveitarfélaginu að koma skikk á málefni hitaveitunnar.

4. Endurskoðaður ársreikningur félagsins lagður fram til samþykktar, umræður um hann. Kristín Eysteinsdóttir, gjaldkeri, fór yfir ársreikninga félagsins. Fram kom að tap á rekstri félagsins næmi um 3 milljónum króna, en á fyrra ári var rekstrarhagnaður félagins um 1 milljón króna. Helst veldur þarna að kostnaður vegna vegaframkvæmda (botnlangarnir) var mun hærri en 2019, árið 2020 var greitt fyrir rafmagn vegna vatnsdælu fyrir tvö ár og kostnaður vegna snjómoksturs var hærri en árið á undan. Fram kom að eigið fé er rúmar 18 milljónir í árslok, sem er lækkun um 1 milljón frá fyrra ári. Getið var að reikningar hefðu verið skoðaðir af Hjörleifi B Kvaran. Stefán Pétursson kvað sér hljóðs og gerði athugasemdir við reikningana. Ábendingar teknar til greina og stjórn upplýsti að leiðréttingar yrðu gerðar. Þá barst athugasemd að ekki væri að finna lið á ársreikningi félagsins um „félagsskít“. Rætt var um möguleika á uppgreiðslu á skuldabréfi. Nokkrar umræður fóru fram um málið. Reikningurinn staðfestur með ábendingum um breytingar.

5. Kosning formanns. Snjólfur Ólafsson var kosinn formaður með lófataki.
6. Kosning annarra stjórnamanna. Í stjórn voru kosin með lófataki Kristín Eysteinsdóttir og Gunnsteinn Sigurðsson. Snjólfur þakkaði Nönnu Viðarsdóttur fyrir störf í þágu félagsins og var undir þær þakkir tekið með lófataki.
7. Kosning varamanna í stjórn. Hlín Ástþórsdóttir og Bergur Sandholt voru kosin í varastjórn með lófataki.
8. Kosning skoðunarmanns reikninga og varamanns hans. Samþykkt var með lófataki að Hjörleifur Kvaran myndi gegna embætti skoðunarmanns reikninga og að Stefán Pétursson yrði varamaður hans.
9. Framlagning rekstrar- og framkvæmdaáætlunar fyrir 2021. Snjólfur fylgdi rekstrar- og framkvæmdaráætlun úr hlaði. Fram kom að fjárhagsáætlun fyrir árið byggir fyrst og fremst á árgjöldum. Í tengslum við það lagði Snjólfur til að árgjald yrði hækkað um 1000 kr. úr 43.000 í 44.000 fyrir lóðir með vatni, en úr 33.000 í 34.000 fyrir lóðir án vatns. Upplýsti hann að þess væri að vænta að fleiri greiðendur verði á þessu ári en í fyrra. Farið var yfir aðra liði sem vænta mátti að yrðu nánast óbreyttir. Sérstaklega var tekið fram að reikna mátti með að kostnaður myndi falla til á árinu vegna viðhalds vatnsdælu. Fram kom að kostnaður við kalt vatn væri mjög lágur samanborið við önnur sumarhúsasvæði. Ljóst væri að huga þyrfti að því að golfvöllurinn væri þurftarfrekur til vatns þegar verið væri að vökva völlinn. Ítrekað var að áætlaður kostnaður við snjómokstur væri í raun ágiskun. Rætt var um vegaf framkvæmdir og að í þær væru áætlaðar um 3 milljónir. Þá var tekið fram að ekki liggur fyrir kostnaður við endurbætur á golfbíla- og göngustígum en ákveðið hefur verið að ráðast í þær framkvæmdir í samstarfi við golfklúbbinn. Rekstrar- og fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða og þar með tillaga um árgjald.
10. Ákvörðun um árgjald til félagsins fyrir 2020. Sjá dagskrárlið 9.
11. Önnur mál.
 - a. Málefni hitaveitunnar. Nokkrar umræður fóru fram um málið. Hins vegar virðast málefni hitaveitu almennt vera í góðu horfi en dæmi eru um að einhverjir séu ekki sáttir. Rætt um að alvarlegt væri að ekki væri nægt heitt vatn fyrir nýja bústaði.
 - b. Lausaganga hunda kom til umræðu.
 - c. Hraðaakstur á svæðinu var ræddur. Rætt um mikilvægi að auka merkingar og mögulegar þrengingar og hraðahindranir. Í því sambandi komu einnig fram sjónarmið um að slíkar merkingar mættu ekki vera of áberandi þ.s. svæðið væri jú í sveit en ekki borg. Eins kom fram mikilvægi þess að lóðareigendur ræddu þessi mál heima fyrir við sitt fólk.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl 20:54.